



Kópavogi, 9. apríl 2026

26041097/005.05

Efni: Upplýsingar um stöðu biðlista og biðtíma eftir þjónustu á vegum velferðarsviðs.

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu biðlista og biðtíma eftir þjónustu á vegum velferðarsviðs í mars 2026.

1. Skrifstofa ráðgjafar**1.1 Samræmd móttaka flóttafólks – Samfló**

Verkefni Samfló eru þess eðlis að bregðast þarf við flutningsbeiðnum og tilvísunum innan 7 daga, ýmist með símtölum, viðtali eða tölvupósti. Starfsmenn ná að halda þessum tímamörkum að svo stöddu og viðtöl fara alltaf fram innan tveggja vikna.

1.2 Virkniteymi

Staðan í virkniteymi er sú að enginn biðtími er eftir fyrsta viðtali og því svigrúm til að bóka allt að fjögur viðtöl vikulega. Eftirspurn getur þó sveiflast, því í lok árs 2025 myndaðist bið í kjölfar fjölgunar umsókna í nóvember.


1.3 Ráðgjafateymi

Vaktarerindum er samkvæmt verklagi svarað innan fimm daga, en í framkvæmd er þeim yfirleitt sinnt samdægurs eða innan þriggja virkra daga. Þá er almennt hægt að bóka símtöl við ráðgjafa í teyrum virkni og ráðgjafar næsta virka dag.

1.4 Áttan uppeldisráðgjöf

Þjónusta Áttunnar er mis umfangsmikil. Hægt er að fá allt að sex viðtöl hjá ráðgjöfum Áttunnar vegna vægari vanda og eru þar **16** mál á biðlista. Bið eftir að viðtölin fari af stað eru u.þ.b. 5 mánuðir. Hægt er að fá umfangsmeiri uppeldisráðgjöf þegar stuðningsþarfir eru þess eðlis og þá er ráðgjöf veitt til lengri tíma og jafnvel inn á heimili fjölskyldunnar. Það eru **20** mál á bið eftir þeirri þjónustu í Áttunni sem heyrir undir barna- og fjölskylduteymi og **2** mál frá barnavernd. Bið eftir að umfangsmeiri þjónusta fari af stað/hefjist eru rúm 5 mánuðir eða síðan í nóvember 2025.

2. Skrifstofa félagslegs húsnæðis




3. Miðjan miðstöð stuðnings- og stoðþjónustu

3.1 Stuðningur við börn og fjölskyldur – Einstaklingsstuðningur,

Alls eru **115** einstaklingar (1622 klst.) á bið eftir einstaklingsstuðningi og stuðningi við foreldra og **17** einstaklingar (216 klst.) eru á bið eftir aukningu á þjónustu.

Sem stendur er aðeins verið að ráða inn starfsfólk fyrir einstaklinga á biðlista í flokki I, aðrir flokkar eru á bið og ekki liggur fyrir hvenær sú þjónusta fer í framkvæmd vegna skorts á fjárheimildum.

Biðlistar í flokki 1 skýrast að hluta af töfum á ráðningum, sem rekja má til starfsmannaskipta í Miðjunni.



Í flokki 1 er lengsti biðtími síðan 26.03.2024

Í flokki 2 er lengsti biðtími síðan 01.01.2023


Í flokki 3 er lengsti biðtími síðan 31.10.2023

3.2 Stuðningur við börn og fjölskyldur á vegum barnaverndar – persónulegur ráðgjafi, tilsjón og stuðningsfjölskyldur

Alls er **21** einstaklingur á bið eftir persónulegum ráðgjafa og tilsjón (2023: 1; 2024: 7; 2025: 9; 2026: 4).


Auk þess eru **41** einstaklingur á bið eftir stuðningsfjölskyldu (2024: 12; 2025: 20; 2026: 9) og er aldersdreifingin frá 0-17 ára. Um samtölu er að ræða sem nær til barna á vegum barnaverndar sem og barna- og fjölskylduteymis.

Þrátt fyrir að einstaklingar fari á biðlista er biðin ekki af völdum takmörkunar á fjármagni, heldur felst hún í þeim tíma sem það tekur að auglýsa og ráða inn starfsfólk í málin.



3.3 Stuðningsþjónusta fyrir fullorðið fólk (heimastuðningur)


Það eru alls **15** einstaklingar á biðlista eftir stuðningsþjónustu (heimastuðningur).



Í flokki 1 er lengsti biðtími síðan í janúar 2026
 Í flokki 2 er lengsti biðtími síðan í október 2025
 Í flokki 3 er lengsti biðtími síðan í október 2025

3.4. Stuðnings- og stoðþjónusta fyrir fullorðin fatlað fólk

Flokkur	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi klst. á bið	Meðalbiðtími í mánuðum
1	7	132	9
2	11	146	23
3	13	167	24
4	1	8	28
Samtölur	32	453	21



Alls eru **32** fullorðin fatlaðir einstaklingar (453 klst.) á bið eftir stuðningsþjónustu í formi tímavinnu og **4** einstaklingar (32 klst.) eru á bið eftir aukningu á þjónustu.

Sem stendur er aðeins verið að ráða inn starfsfólk fyrir einstaklinga á biðlista í flokki I, aðrir flokkar eru á bið og ekki liggur fyrir hvenær sú þjónusta fer í framkvæmd vegna skorts á fjárheimildum.

Biðlistar í flokki 1 skýrast að hluta af töfum á ráðningum, sem rekja má til starfsmannaskipta í Miðjunni.

4. Skrifstofa starfsstöðva og þróunar

4.1 Ráðgjafarteymi fullorðinna - Bið efir mati á þjónustupörf vegna heimastuðnings

Meðalbiðtími eftir mati á þjónustupörf vegna fyrstu umsóknar eru **11,9** dagar. Meðalbiðtími eftir endurmati vegna endurnýjunar eða umsóknar um aukningu á þjónustu eru **14,5** dagar.

4.2 Skammtímadvöl

Skammtímadvalir eru lögbundin þjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni sem veitir tímabundinn stuðning utan heimilis eða inni á heimili þegar umönnunarþarfir eru miklar. Þjónustan er skipulögð í litlum einingum, þar sem hámarksfjöldi notenda skuli, alla jafna ekki vera fleiri en sex samtímis og að þjónustutími skammtímadvalar geti verið allt frá hluta út degi og upp í 15 sólarhringa á mánuði.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu (Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður) reka þrjú úrræði í samstarfi (Hrauntungu, Mó aflöt og Hnotuberg) sem mynda samfellda þjónustukeðju frá barnæsku til fullorðinsára með það að markmiði að styðja við sjálfstæða búsetu. Uppbygging úrræða innan þjónustukeðjunnar hefur þó ekki aukist frá 2011 þrátt fyrir vaxandi þjónustupörf.

Í lok mars voru alls **20** einstaklingar á bið eftir skammtímadvöl (Mó aflöt, Hnotuberg og Hrauntungu). Meðalaldur umsækjenda var rúm 13 ár, elsti umsækjandinn var 23 ára en sá yngsti rúmlega 5 og hálfis árs.

Meðalaldur umsókna um skammtímadvöl eru 21,8 mánuðir þar sem sú nýjasta er mánaðar gömul en sú elsta er síðan í ágúst 2021.

4.3 Höfuð-borgin

Engin biðlisti er sem stendur í Höfuðborgina eftirskólaúrræði fyrir fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri. Starfsemin er tímabundið staðsett í Roðasölum 1 og rúmar alla notendur í dag sem er 12 í vetrarstarfinu en notendafjöldi mun líklega ná 27-30 yfir sumartímann.

4.4 Vinna og virkni

Í dag eru **8** íbúar Kópavogs á bið eftir ýmsum vinnu og virkni úrræðum, yngsti einstaklingurinn er 19 ára en sá elsti er 52 ára. Flestir á biðlistanum eru á aldrinum 19-23 ára.

4.5 Sértek búseta

Í lok mars voru **28** einstaklingar á bið eftir sértekú húsnæði í Kópavogi. Meðalaldur umsækjenda er tæp 39 ár, flestir umsækjenda búa í foreldrahúsum eða 15 talsins og 8 einstaklingar eru undir 25 ára aldri. Nokkuð ljóst er að þörfin í þeim aldurshópi mun fara verulega vaxandi.

4.6 Dagdvöl í Roðasölum

Minnismóttaka Landakots heldu utan um biðlista fyrir dagdvalir og barst síðasti listi 12. mars sl. en að teknu tilliti til þeirra sem hafa fengið pláss (5) eða hafnað pláss (2) eru í dag **20** einstaklingar á bið eftir pláss í Roðasölum.

Hlín Sigurþórsdóttir
Verkefnastjóri